

Hafnarfirði 21. Okt '2019

Veturinn '2018-'2019 var ákveðið að farið yrði í grisjun á greni norðan megin í Hamrinum sem er á bæjarlandi af umhverfiráði. Undirrituð ásamt Birni Bögeskov fórum á staðinn og merktum 23 tré sem áttu að fara undir exina. Bréf var sent til íbúa við Lækjargötu og Öldugötu og þeim tilkynnt ákvörðunin. Með því að merkja trén gátu íbúar skoðað hvaða tré var um að ræða og sagt sitt álit á valinu, enda þeirra nær umhverfi og misjafnt hvaða skoðun íbúa er á þessari aðgerð. Við fengum tvær ábendingar. Önnur frá íbúa sem var ánægður með framkvæmdina og var feginn að fá loksins sól í sinn bakgarð við Öldugötu, en hin ábendingin kom frá íbúa við Lækjargötu sem var ekki þar ánægður. Sá aðili vildi meina að með því að opna þarna inn í lundinn myndi vindur ná sér á strik meðfram Hamrinum og skella á Lækjargötunni eins og var, áður en trén voru sett þarna í austanátt. Þessi sjónarmið eru bæði góð og gild, enda vitað mál að trén veita skjól og svæði án trjáa eru oft mjög vindasöm en að jafnaði sólríkari.

Verðkönnun var gerð hjá verktökum í trjáfellinguna og út frá þeim verðum var ákveðið að skipta verkinu upp á tvö ár. Verkið var boðið til verktaka (Hreinir garðar ehf) sem eru mjög sérhæfðir í trjáfellingum á erfiðum svæðum. Þeir búa yfir góðum tækjakost sem hentar á svona grýtt svæði. Fyrir vikið tók verkið töluvert styttri tíma og jarðrask á svæðinu var nánast ekkert.

Eftir að framkvæmdum lauk, höfðu 2-3 íbúar samband og vildu að við myndum halda áfram og taka það sem upp á vantaði í því sem ákveðið var í upphafi. Þó voru skiptar skoðanir á trjávali næst Lækjargötu sem þarf að skoðast aftur í samvinnu við þá sem búsettir eru þar næst trjálundinum. Einnig eru nokkur tré sem eftir er að taka farin að halla verulega sem þýðir að ræturnar halda ekki lengur við þessa hæð sem trén eru orðin, enda klappir undir.

Núna er komið að seinni hlutanum í þessari grisjun. Við leggjum upp með að merkja trén aftur í lundinum út frá ábendingum og þörfum. Síðan í framhaldi sendum við íbúum aftur póst um fyrirhugaðar framkvæmdir. Við eigum eftir að taka um 11-12 tré í þessum seinni hluta og veturinn hentar vel til þessara verka. Kostnaður ætti að vera svipaður og í fyrri hluta.

Ingibjörg Sigurðardóttir

Garðyrkjustjóri Hafnarfjarðar.